

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 379. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 7. mars 2024 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 14:30**.

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 180. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 5. mars 2024.
- 2) Fundargerð menningarnefndar, dags. 16. janúar 2024.
- 3) Fundargerð 19. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 13. febrúar 2024.
- 4) Fundargerð fundar um kynningar- og upplýsingarmál, dags. 23. febrúar 2024.
- 5) Fundargerð 203. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 7. febrúar 2024.
- 6) Fundargerð 220. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 29. janúar 2024.
- 7) Fundargerðir 942., 943. og 944. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. janúar, 9. febrúar og 23. febrúar 2024.
- 8) Fundargerð 461. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 16. febrúar 2024.
- 9) Fundargerð 179. fundar stjórnar SSV, dags. 24. janúar 2024.
- 10) Fundarboð aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, dags. 20. mars 2024.
- 11) Fundarboð aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands, dags. 20. mars 2024.
- 12) Fundarboð aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 14. mars 2024.
- 13) Bréf frá Hvítum Mávum ehf., dags. 25. febrúar 2024, varðandi synjun Snæfellsbæjar á umsókn um leyfi til reksturs gististaðar að Skólabraut 1 á Hellissandi.
- 14) Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu, dags. 7. febrúar 2024, varðandi fyrirhugaða úttekt á tónlistarskólum.
- 15) Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun.
- 16) Bréf frá Snæfellsnes adventure, dags. 1. febrúar 2024, varðandi „Hop On Hop Off“ á Snæfellsnesi.
- 17) Bréf frá Óbyggðanefnd, dags. 12. febrúar 2024, varðandi þjóðlendumál: eyjar og sker.
- 18) Bréf frá Matvælaráðuneytinu, dags. 14. febrúar 2024, varðandi regluverk um búfjárbætur.
- 19) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 1. mars 2024, varðandi 80 ára afmæli lýðveldisins.
- 20) Bréf frá Innviðaráðuneytinu, dags. 26. febrúar 2024, varðandi álit um færslu tryggingafræðilegs endurmats Brúar lífeyrissjóðs í bókum sveitarfélaga.
- 21) Bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 19. febrúar 2024, varðandi tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.
- 22) Þakkarbréf frá húsfélagi Björgunarmiðstöðinni Von í Rífi, dags. 28. febrúar 2024, vegna styrks til þakskipta.
- 23) Minnispointar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 5. mars 2024**  
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 180180. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 5. mars 2024  
og hófst hann kl. 10:00.

## Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Hildigunnur Haraldsdóttir, Birgir Tryggvason, Matthías Páll Gunnarsson og Valgerður Hlín Krstmannsdótti.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Hlín Krstmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, skipulagsráðgjafi, sat fundinn.

## Dagskrá:

### 1. Selhóll 4\_Umsókn um lóð - 2402002

Sigurður V Sigurðsson sækir um að fá úthlutaða lóðina að Selhól 4 til að byggja þar um 250 fm einbýlishús á einni hæð.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

### 2. Miðbrekka 11\_Umsókn um lóð - 2402012

Brynja Mjöll Ólafsdóttir óskar eftir að fá Miðbrekku 11 úthlutaða til að byggja þar 160 fm einbýlishús.

*Í ljósi þess að lóðin Miðbrekka 9-11 er parhúsaloð og vegna töluverðar eftirspurnar eftir lóðum fyrir einbýlishús á einni hæð, þá leggur nefndin til að lóðinni Miðbrekku 9-11 verði breytt í einbýlishúsaloðir með minniháttar breytingu á gildandi deiliskipulagi. Skipulagsfulltrúa er falið að vinna breytingar á skipulaginu í samræmi við umræður á fundinum og lóðarmörkum á lóðum nr. 7-9 og 11 verði breytt.*

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að úthluta lóðinni Miðbrekku 11 til umsækjanda og verður umsækjanda sent uppfært lóðarblad.*

*Samþykkt*

### 3. Miðbrekka 7 - Umsókn um lóð - 2403003

Daníel Husgaard Þorsteinsson og Karítas Bríet Ólafsdóttir sækja um að fá lóðina að Miðbrekku 7 úthlutaða og byggja þar 170 - 200 fm timburhús á 1 hæð eða pallað (1,1/2 hæð).

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir úthlutun lóðarinnar en bendir á að samhliða breytingum á Miðbrekku 9 og 11 munu lóðarmörk breytast og verður umsækjanda sent uppfært lóðarblad.*

FTT  
AA  
MK  
BT  
MPA  
AA<sup>1</sup>

FTT

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

*Samþykkt*

4. **Óveruleg breyting deiliskipulags hafnarsvæðisins í Rífi - Niðurstæða grenndarkynningar - 2312010**

Lögð er fram lítillega breyttur uppdráttur vegna þriggja framkominna athugasemda. Athugasemdir og viðbrögð kynnt.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir tillögu að óverulegri breytingu deiliskipulags þar sem orðið er við tveimur að þremur framkomnum athugasemdum. Nefndin fellst ekki á að lóðirnar Melnes 4 og Smiðjugata 3 verði ein lóð.*

*Samþykkt*

5. **Nýtt deiliskipulag vegna Dalbrekku, Ólafsvík - 2401013**

Lögð eru fram frumdrög að tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Dalbrekku, Ólafsvík. Gunnþóra Guðmundsdóttir, skipulagshöfundur kynnir drögin fyrir nefndinni. Lagt er til að haldin verði íbúakynning 21. mars 2024 vegna lýsinga og frumdrög að deiliskipulagi.

*Kynnt voru frumdrög og verða þau unnin áfram út frá umræðum nefndarmanna. Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að haldinn verði opinn kynningarfundur þann 21. mars 2024 þar sem lýsingar og frumtillögur aðal- og deiliskipulags verði kynntar.*

*Samþykkt*

6. **Brautarholt og Bergsholt\_Ósk um breytingu deiliskipulags - 2403001**

Snorri Kristjánsson sendir inn ósk um breytingu á deiliskipulagi vegna jarðanna Brautarholt og Bergsholt í Staðarsveit. Breytingin felur í sér að reisa 8 smáhýsi, hvert 30 fm, u.þ.b. 300 metra vestan við núverandi byggingar á jörðinni og u.þ.b. 600 metra frá landamerkjum næstu jarðar. Sjá meðfylgjandi afstöðumynd.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd óskar eftir frekari upplýsingum um uppbyggingu á svæðinu. Gera þarf breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag miðað við þær upplýsingar sem komu fram í erindinu.*

*Frestað*

7. **Brúarholt 2a - Umsókn um leyfi fyrir klæðningu, nýjum gluggum og lagnabreytingum - 2402011**

Benedikt Björn Ríkarðsson sækir um leyfi til að klæða hús sitt að Brúarholti 2a með standi báru. Einnig er sótt um að setja nýjan glugga á NV-hlið hússins. Þá er tekinn niður veggur í baðherbergi, lagnir, frárennsli og neysluvatn er endurnýjað og sett er nýtt vatnsinntak og nýtt frárennslisúttak úr húsi.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

8. **Bárðará 10\_Umsókn um leyfi til að breyta eign í þrjá eignarhluta og stækka bílgeymslu - 2402009**

Runólfur Þór Sigurðsson hönnuður sækir fyrir hönd KNÞ Fasteigna ehf. um leyfi til að breyta Bárðará 10 í þrjá eignarhluta og stækka bílgeymslu og nýta hana í framhaldinu sem geymslur. Sjá meðfylgjandi aðaluppdrætti.

777  
MPG MCH  
OST 2  
HH

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

*Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindimu. Byggingarfulltrúa falið að vera í sambandi við umsækjanda.*

*Frestað*

### 9. Jaðar 17 - tilkynning um framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi - 2402004

Magnús Ingi Magnússon sækir um leyfi fyrir 25 fm viðbyggingu við frístundahús sitt að Jaðri 17, Arnarstapa.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en frestar afgreiðslu þar til aðaluppdrættir hafa borist.*

*Frestað*

### 10. Fyrirspurn vegna 8 húsa á Kjarvalströð, Hellnum - 2403002

Óskað er eftir afstöðu umhverfis og skipulagsnefndar varðandi frumtillagna að 8 húsum á Kjarvalströð 20 - 34, Hellnum. Húsin eru innan skipulags hvað varðar stærð og form húsa.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en bendir á að uppfylla þurfi kröfur um slökkvivatn og vatnsveitu.*

*Jákvætt*

### 11. Tindurinn\_Umsókn um niðurrif - 2403004

Hilmar Már Arason sækir fyrir hönd Lionsklúbbs Ólafsvíkur um leyfi fyrir niðurrifi á Tindinum. Ástand Tindsins er orðið mjög slæmt og er hann bæði orðinn hættulegur og ekki klúbbum né samfélaginu lengur til sóma.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og tekur jákvætt í áframhaldandi notkun svæðisins á vegum Lionsklúbbsins.*

*Samþykkt*

### 12. Dalbraut 12\_Fyrsti hluti breytinga\_Gögn - 2402003

Lúðvík Ver Smáráson sendir inn gögn fyrir hönd Diddubáta, útgerðarfélag ehf. vegna byggingarleyfisumsóknar frá 2023. Fyrirhugað er að hefja vinnu við fyrsta hluta framkvæmdanna að Dalbraut 12 en í honum á að koma á þaki yfir eldri hluta hússins og fjarlægja tvo veggja af gamla innganginum í vesturhluta hússins þannig eftir standi skjólveggur. Áætlað er að hækka útveggi um ca 1 meter og gera 45° hallandi þak með stöfnum sem snúa í suðaustur og norðvestur. Kvistir verða settir í þak til að fá birtu inn og gefa byggingunni gamaldags þakkhúslit. Sjá meðfylgjandi teikningar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leiti með fyrirvara um samþykki byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.*

*Samþykkt*

### 13. Erró listaverk í Ólafsvík - 2402008

Lagðar eru fram tillögur að staðsetningu fyrir útilistaverk eftir Erró Guðmundsson í Ólafsvík.

*Tillögur að staðsetningum kynntar.*

*Kynnt*

MPC 77 3 HAA  
BT H.H. H.K.

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

14. Fosshótel Hellnar, Brekkubæ - Umsókn um byggingarleyfi vegna innanhússbreytinga - 2311005

Byggingarfulltrúi óskar eftir að málið verði tekið til umfjöllunar vegna breyttra forsendna á notkun rýmisins eftir að brunahönnun lá fyrir.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en minnir á kröfu um slökkvivatn. Gera þarf grein fyrir lausnum og tímaáætlun áður en húsnaðið verður tekið í notkun.*

*Jákvætt*

15. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2024 - 2401007

- Míla\_Framkvæmdarleyfi fyrir lagningu ljósleiðara í Ólafsvík

- Númerslausir bílar í Snæfellsbæ ræddir og leggur nefndin til að gert verði áttak í að láta fjarlægja númerslausa bíla.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:15.

Krishara H

Hallgrímur K.

Björgir Tó

Hallveig Hórn

Fluoriferen Jón

Matthías Póll Guannósson

Hildigunnur Haraldsdóttir

## **Menningarnefnd Snæfellsbæjar**

**Þriðjudagur 16. janúar – Átthagastofa Snæfellsbæjar.**

**Fundur settur: 16:30**

Fundinn sitja: Helga Jóhannsdóttir, Kristín Arnfjörð, Ingunn Ýr Angantýsdóttir, Jóhannes Stefánsson og Hafdís Rán Brynjarsdóttir

Fundagerð ritar: Helga Jóhannsdóttir

1. Tónleikar í vor.
  - a) Búið að senda fyrirspurn á Valdimar og GDRN – bið eftir svörum.
  
2. Bókasafn Snæfellsbæjar.
  - a) Rætt um framgang bókasafnsins
  
3. Pakkhúsið.
  - a) Óskum eftir fundi með bæjarráði varðandi framtíð og stefnu bæjarins.
  
4. Örstyrkir.
  - a) Auglýsa fyrir vorið.
  - b) Hafa 1. apríl síðasta umsóknardag.
  
5. Vinnuskóli Snæfellsbæjar.
  - a) Hugmyndir ræddar
  - b) Listasmiðja – samstarf við listamenn í bænum – leiklist, ritlist til dæmis.
  - c) Enda sumarið á að sýna afrakstur sumarsins
  
6. Hausttónleikar.
  - a) Halda flotta tónleika í október/nóvember

**Fundi slitið – 17:30**

**19. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 13. febrúar 2024 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.**

Mætt: Kristinn Jónasson, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson, Ævar Sveinsson, Baldvin Leifur Ívarsson og Björn Arnaldsson. Ragnar Már Ragnarsson var fjarverandi. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

**1) Björn fór yfir framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:**

- a) Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Verið er að undirbúa uppsetningu á eftirlitsmyndavélum og búnaði vegna öryggismála.
- b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram, framkvæmdum utan húss er lokið, en gangstéttir og bílplan verða steipt í maí n.k. Unnið er við framkvæmdir innanhúss.
- c) Framkvæmdir við stækkun og hækkun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Búið er að rífa hluta af núverandi bryggju og hækka. Þá er búið að reka niður alla staura og unnið er við burðarvirki bryggjunnar og undirbúning fyrir uppsetningu á vatns og raflögnum. Ekki hefur verið unnið við bryggjuna s.l. tvær vikur vegna veðurs.
- d) Framkvæmdum við sjóvörn við Ólafsbraut er að mestu lokið. Eftir er að raða grjóti að hluta við Hvalsá og þá er frágangi innan við garðinn á því svæði ekki lokið.
- e) Búið er að setja upp ljósastaura, ganga frá lýsingu og þökuleggja við bílastæðið fyrir ofan höfnina á Arnarstapa. Framkvæmdum lokið.
- f) Verið er að vinna við mælingar og hönnun vegna framkvæmda við sjóvarnir við Keflavíkurgötu á Hellissandi og á Barðastöðum Staðarsveit.
- g) Verið er að vinna við hönnun vegna endurbyggingar og lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík.
- h) Verið er að vinna við endurnýjun á friholtum í Rifshöfn og er búið skipta um 42 lengjur á Austurkantinum.
- i) Verið er að vinna að staðsetningu á sameiginlegri spennistöð og tækjahúsi á hafnarsvæði Ólafsvíkurhafnar fyrir Rarík og Milu í samvinnu við Tæknideild Snæfellsbæjar.
- j) Verið er að vinna að óverulegum breytingum á deiliskipulagi hafnarsvæðis Rifshafnar í samvinnu við Tæknideild Snæfellsbæjar.

**2) Matthías fór yfir framkvæmdir við íþróttamannvirki og slökkvilið:**

**Sundlaug Ólafsvík.**

- a) Vatnsfontur settur upp inn í sundlaugarsal.
- b) Klárað að laga og skipta út ljósum í salnum.
- c) Gert við hurð á saunatunnu og ljós í henni.



- d) Ný segl pöntuð á potta og vaðlaug á útisvæðinu.
- e) Klukkan var send í viðgerð, búið að taka dálítinn tíma að fá gert við hana.
- f) Hurðalistar settir á innrauðklefana
- g) Gert við skjá á iðntölvu í sundlaugarkjallaranum.
- h) Gert við bakskolunarloka á sandsíu.
- i) Settir 1000 lítrar af klór á tankinn sem er úti.
- j) Leki lagaður sem kom á varmadælu 1.
- k) Fasi fór út á varmadælu 4 og hitatúpu. Búið að laga þetta.
- l) Skipt um dælu á varmaendurvinnslu loftræstikerfi.

### Íþróttahús Ólafsvík

- a) Setja upp merkingar vegna brunavarna og laga Exit ljós.
- b) Skipt um perur í ljósum í loftræstisál.
- c) Hitunarlokar liðkaðir. Þeir eru að verða ónýtir og verið er að bíða eftir nýjum.
- d) Loftræstikerfi, Gold-samstæða, bilaði. Gerð var bráðabirgðaviðgerð á henni þar sem ekki voru til varahlutir. Í apríl eða maí eru væntanlegir varahlutir.
- e) Sett upp ný LED ljós á gangi, kaffistofu, fundarsal og skrifstofu.
- f) Sett upp skrifborð og rafmagnssnúrur lagaðar.
- g) Gert við skúringavél.
- h) Nokkur LED ljós endurnýjuð í búningsklefum.

### Íþróttahús Hellissandi

- a) Farið yfir hitaketil.
- b) Skipt var um dælu í miðstöðinni.

### Fótboltavöllur Ólafsvík

- a) Lagaði girðingu á sparkvelli Hellissandi.

### Slökkvistöð

- a) Farið var í Eldvarnarefirlit í desember og skoðaðar voru flestar byggingar í eigu Snæfellsbæjar ásamt fleiri fyrirtækjum. Skýrslur eru væntanlegar.
- b) Farið var í árlega 3. bekkjarheimsókn með eldvarnarkennslu.
- c) Ný hitatúpa sett upp, ofnalokar endurnýjaðir og hitakútur fyrir neysluvatn settur upp.
- d) Rofi til að kveikja á háþrýstikefli var lagaður á slökkvibíl.
- e) Vestan ehf. kláraði að fara yfir brunaviðvörunakerfi, aðeins eitt kerfi er eftir
- f) Keypt var rekstútasett, barki fyrir reykblásara, kerra undir dælu og 3,2 kw rafstöð.

### Tölvumál

- a) Nýjar tölvur settar upp í tæknideild.
- b) Sí mavandamál löguð í Ráðhúsi.
- c) Teikningarsjá í tæknideildinni löguð.
- d) Gerð netföng fyrir GSNB.
- e) Prentari lagaður í Ráðhúsi.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Ólaf", "MPE", "BA", and "KJ".



**3) Leifur fór yfir ýmsar framkvæmdir:**

- a) Unnið í Vallholti 19, 1hh. Íbúðin er langt komin.
- b) Tengt vatn og nýr hurðarmótor í bílskúr í Fossabrekku 21, íbúð 203.
- c) Ýmislegt smávægilegt lagað í leikskólum.
- d) Smálagfæringar í Klifi og Röst.
- e) Heimsóknir ásamt bæjarstjórn í stofnanir.
- f) Ýmislegt smávægilegt á Jaðri ásamt aðstoð við uppsetningu hitablásara (vatnstengdir) í matsal.
- g) Ýmis önnur smáverkefni sem til falla dags daglega.

**4) Ævar fór yfir framkvæmdir á vegum Áhaldahússins:**

- a. Desember og janúar hafa að venju farið í undirbúning, viðhald og frágang jólaþreyinga í bæjarfélaginu.
- b. Á þessum árstíma fer líka mikill tími í snjómokstur og hálkuvarnir. Nýr saltdreifari var keyptur sem virkar mjög vel.
- c. Unnið var að lokafrágangi að Ólafsbraut 23, en húsið var afhent Félagi eldri borgara þann 1. febrúar s.l.
- d. Skipt var um varmadælu í Klifi og hún virkar mjög vel.
- e. Verið er að aðstoða við viðbyggingu á Lýsuhóli. Sú framkvæmd gengur vel.

**5) Vagn fór yfir framkvæmir í skólamanvirkjum:**

**Grunnskólahúsnæðið í Ólafsvík**

- a) Loksins búið að ljúka við skriðkjallarann. Allt er lekalaust og búið að þurrka allt. Ný dæla var sett upp niðri og lúgu sett niður í kjallarann þar sem blásari var settur í til að hafa hreyfingu á loftinu.
- b) Yfir vetrartímann er líka ýmislegt smálegt sem til fellur á hverjum degi, t.d. málningarvinna á stofum, færsla á töflum o.fl.

**Grunnskólahúsnæðið á Hellissandi**

- c) Jón hefur verið að ljúka við gluggana. Síðasti glugginn verður kláraður í dag. Búið er að smyrja allar lamir og læsingar á gluggunum.
- d) Búið er að vera að vinna í brunaviðvörðunarkerfi skv. teikningum í samvinnu við Lúðvík Ver og Vestan ehf. Það er búið að yfirfara brunakerfið í báðum skólum.
- e) Búið að setja upp vettlingaofn sem Viðar smíðaði og hann kemur mjög vel út.

**6) Ragnar sendi nokkra punkta:**

- a. Unnið er að innleiðingu rafræna undirskrifa á teikningum. Þetta mun þýða að hönnuðir munu framvegis einungis geta senda teikningasettin á rafrænu formi í gegnum íbúagáttina. Eftir yfirferð byggingarfulltrúa eru teikningarnar sendar viðkomandi hönnuði til undirritunar með rafrænum hætti. Einungis verður tekið á móti teikningum í settum þannig að ein rafræn undirskrift verður fyrir t.d. aðaluppdrætti og ein rafræn undirskrift fyrir rafmagnsteikningar osfrv. Með innleiðingu á þessu kerfi mun skönnun og geymsla á teikningum á blaðformi tilheyra sögunni með tilheyrandi sparnaði. Allar




Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like 'Onna', 'M.P.', and 'K.J.'.

teikningar sem verða settar í kortasjá Snæfellsbæjar framvegis munu birtast notendum á pdf formi og gæðin eftir því.

- b. Unnið er að skipulags- og lóðamálum sem eru nú þegar í ferli. Sem dæmi þá er unnið að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir höfnina á Rífi, en þar stendur til að byggja iðnaðarhúsnæði með nokkrum iðnaðarbilum. Einnig er nýtt deiliskipulag fyrir hótelið á Hellissandi í vinnslu. Hafin forvinna við nýtt deiliskipulag fyrir íbúðabygð í Ólafsvík.
- c. Stefnt er að því að hefja vinnu við gluggaskipti á bæjarskrifstofunni í febrúar. Gluggarnir eru komnir til Ólafsvíkur.
- d. Töluvert hefur verið spurt um lóðir í Snæfellsbæ, bæði íbúða- og iðnaðarlóðir. Nýlega var sótt um þrjár einbýlishúsalóðir á Hellissandi og eina í Ólafsvík þannig að eftirspurnin er töluverð fyrir utan fyrirspurnir sem berast reglulega um byggingalóðir.
- e. Byrjað er að vinna auglýsingu vegna starfa við vinnuskólann næsta sumar.
- f. Míla stefnir á að ljósleiðaravæða hluta af Ólafsvík næsta sumar auk þess að setja upp fjarskiptamastur niður við höfnina. Líklegt er að Rarik og Míla muni sameinast í byggingu nýs húsnæðis fyrir raf- og fjarskiptabúnað fyrirtækjanna.
- g. Unnið hefur verið að endurbótum og fjölgun umsóknareyðublaða í íbúagáttinni sem er á heimasíðu Snæfellsbæjar. Fyrir utan þau eyðublöð sem tengjast framkvæmdum, og eru nú þegar virk, þá hafa bæst við eyðublöð vegna skipulagsmála og fyrir stöðuleyfi sem dæmi.
- h. Önnur dagleg störf.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 5. mars kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:47

  
Kári Pálsson  
Björn Arnarsson  
Matthias Páll Gunnarsson  
Ólafur Pálsson  
Baldurinn Jónsson  
~~ATKAT~~  
Ólafur Pálsson

## **Heimir Berg - Markaðs- og upplýsingafulltrúi Snæfellsbæjar**

*Helstu verkefni, fundur 23. febrúar 2024*

**Ráðningavefur.** *Frá síðasta fundi: Ráðningarvefur kominn í loftið á heimasíðu Snæfellsbæjar og byrjað að nota hann.*

**Cludo-leitarvél.** *Frá síðasta fundi: Leitarvélin er komin í loftið í heimasíðu Snæfellsbæjar og við erum að byrja að nota hana.*

**Íbúagátt.** *Frá síðasta fundi hef ég lokið við að setja allar umsóknir tæknideildar í þjónustugáttina (að undanskildum 2-3 sem tæknideild á eftir að fara yfir). Er að undirbúa að setja aðrar umsóknir í þjónustugáttina þannig að allar umsóknir verði rafrænar.*

**Fundarkerfi** *Frá síðasta fundi: Hef lokið við uppsetningu á fundagátt, en hef varið töluverðum tíma í að tengja fundarkerfi þannig að hægt sé að rita og birta fundargerðir sjálfkrafa á heimasíðu.*

**Linktree-síða.** *Vettvangur með um 40+ milljón notendur og opið öllum öðrum. Búinn að setja upp með ferðaþjónustu í Snæfellsbæ í huga. Kynnt á næstunni.*

**Teikningar af tjaldsvæðum** *Við höfum látið teikna yfirlitsmyndir af tjaldsvæðunum. Er að fullvinna þær svo við getum bætt upplýsingagjöf og móttöku gesta á tjaldsvæðunum fyrir sumarið.*

**Erró-listaverk.** *Frá síðasta fundi: Hef verið í samskiptum við framleiðendur í Portúgal og er búinn að staðfesta pöntun á listaverki eftir Erró sem verður sett upp í Ólafsvík í sumar.*

**Menningarnefnd:** *Vetrartónleikar menningarnefndar verða í lok febrúarmánaðar.*

**Listavinnuskóli.** *Hef aflað upplýsinga um listavinnuskóla í öðrum sveitarfélögum og möguleika á að bjóða upp á slíkt fyrir ungmenni hér í sumar. Kynnt á næsta fundi.*

**Auglýsingar og tilkynningar frá bænum** *Er að samrýma ásýnd auglýsinga sem birtast í Jökli og öðrum miðlum.*

**Herferð.** *Er að skoða möguleika á kynningarátaki sem dregur fram kosti þess að búa í Snæfellsbæ.*

**Fastir liðir.** *Hef sinnt heimasíðu, samfélagsmiðlum o.s.frv.*

**Fundargerð 203. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga**

**Fundarstaður;** Fundarstaður: Teams – fjarfundarbúnaður  
**Dagsetning;** miðvikudaginn 7. febrúar 2024, kl. 16.30

**Mættir:** *Sigrún Þórðardóttir; Ragnheiður Dröfn Benidiktsdóttir, formaður; Hermína Kristín Lárusdóttir, Steinunn Alva Lárusdóttir, Steinunn María Þórsdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, yfirfélagsráðgjafi FSS og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.*

**Dagskrá:****1. Stofnun barnaverndarþjónustu Vesturlands**

Forstöðumaður gerði grein fyrir stofnun „Barnaverndarþjónustu Vesturlands“, sbr. ný ákvæði barnaverndarlaga nr. 80/ 2002, er tilgreina að baki hvernar barnaverndarþjónustu þurfi að vera 6 þúsund íbúar hið minnsta. Félags- og skólajónusta Snæfellinga bs., Velferðarsvið Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveit hafa átt í viðræðum um stofnun sameiginlegrar barnaverndarþjónustu þar sem Borgarbyggð verður „leiðandi sveitarfélag“ í samstarfi þessara sveitafélaga og sveitarfélaganna hér á Snæfellsnesi.

Stofnsamþykktir, verklagsreglur og kostnaðaráætlun þessu viðvirkjandi verður lagt fyrir hvert sveitarfélag til umfjöllunar og afgreiðslu nú á næstu vikum.

**2. Reglur um akstursþjónustu sveitarfélaganna fyrir fólk með fötlun og eldri borgara.**

FSS hefur sent aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins drög að reglum um akstursþjónustu þeirra fyrir fatlaða íbúa og eldri borgara. Drög þessi grundvallast á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og málefna fatlaðs fólks.

Gert er ráð fyrir umfjöllun draganna innan hvernar sveitarstjórnar og í kjölfarið úrvinnslu stjórnar FSS að gerð tillögu til umfjöllunar og afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna að baki FSS.

**3. Sérfræðiþjónusta FSS við leik- og grunnskólana á yfirstandandi skólaári**

Forstöðumaður gerði grein fyrir skipan sérfræðiþjónustu FSS við leik- og grunnskólana á yfirstandandi skólaári. Berglind Elva Tryggvadóttir, náms- og starfsráðgjafi er nýr starfsmaður FSS er hóf störf í byrjun skólaárs. Auglýsingar eftir sálfræðingi skiluðu ekki árangri og var því gripið til þess ráðs að ráða 2 sálfræðinga í verktökuformi í lágmarksþjónustu í vetur, þau Ingu

Stefánsdóttur fyrir grunnskólana og Anton Scheel Birgisson fyrir leikskólana. Ennfremur munu félagsráðgjafar FSS sinna starfi skólafélagsráðgjafar eftir atvikum í vetur. Þá er innleiðing farsældar barna með samþættingu fagaðila skóla, félags- og skólajónustu, heilsugæslu, lögreglu og ytri fagaðilum komin í farveg. Sigrún Ólafsdóttir, verkefnastjóri FSS í innleiðingu samþættrar þjónustu til farsældar barna, leiðir verkefnið ásamt öðru starfsfólki FSS.

Ragnar Hjörvar Hermannsson er talmeinafræðingur leik – og grunnskólanna á Snæfellsnesi þetta skólaárið líkt og sl. ár.

#### 4. Innleiðing samþættrar þjónustu til aukinnar farsældar barna

Ingveldur Eyþórsdóttir gerði grein fyrir stöðu innleiðingar samþættrar þjónustu til farsældar barna á þjónustuvæði Félags- og skólajónustu Snæfellinga bs., sem stýrir og leiðir verkefnið undir stjórn Sigrúnar Ólafsdóttur, verkefnisstjóra

#### 5. „Gott að eldast“ verkefni sveitarfélaganna á Vesturlandi

Ingveldur sem einnig er fulltrúi FSS í stýrihóp Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, gerði grein fyrir stefnumótun verkefnisins „Gott að eldast“, um eflingu þjónustu við eldri borgara sveitarfélaganna á Vesturlandi með samvinnu félagsþjónustu og heilsugæslu svæðanna.

#### 6. Önnur mál

- a) Umræða um hvort tilefni sé til endurskoðunar hlutverks félagsmálanefndar í ljósi stofnunar velferðarnefnda í sveitarfélögunum en ekki síst í ljósi væntanlegra nýrra laga, s.s. um skólajónustu ríkis og sveitarfélaga. Samþætt þjónusta í þágu barna og ungmenna virðist þar sem víðar vera leiðarljós í þjónustu.
- b) Næsti fundur félagsmálanefndar, nr. 204, verður haldinn í fundarsal Ráðhúss Grundarfjarðarbæjar ellegar um Teamsfjarfundarbúnað og verður boðaður með viku fyrirvara.



## **220. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 29. janúar 2024, á Teams**

**Mætt frá Breiðafjarðarnefnd:** Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir og Magnús A. Sigurðsson.

**Forföll:** Sigurður Halldór Árnason og Arnar Kristjánsson

**Mætt frá starfshópi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis í Dölum:** Sigurður Rúnar Friðjónsson formaður, Halla Steinólfsdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson og Kjartan Ingvarsson.

*Fundarritari:* Jakob Stakowski.

Formaður Breiðafjarðarnefndar setti fund kl. 12.05.

### **1. Fundur Breiðafjarðarnefndar og starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis um eflingu samfélagsins í Dölum**

Í upphafi kynntu fundarmenn í Breiðafjarðarnefnd og starfshópnum sig hver fyrir öðrum. Því næst ræddi Erla Friðriksdóttir um starfsemi Breiðafjarðarnefndar á síðustu árum. Erla lagði áherslu á vinnu nefndarinnar vegna „Framtíðar Breiðafjarðar“<sup>1</sup> sem hófst árið 2019 og leiddi til stofnunar stýrihóps um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun, sem settur var á fót árið 2021. Þeim stýrihópi, sem Erla situr í og Jakob Stakowski starfaði með fram á mitt ár 2023, var falið að stýra vinnu þar sem greint er verndargildi svæðisins og áhrif þess, tækifæri og ógnanir, á samfélag, byggð og atvinnulíf. Greining stýrihópsins á svo að leiða til tillögu um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar<sup>2</sup>. Stýrihópurinn er enn starfandi en mun skila niðurstöðum til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Erla sagði frá því að ráðherra hefði kvatt Breiðafjarðarnefnd til að hefja samtalið við starfshópinn í Dölum til að ræða áform um eflingu samfélags þar, á þeim sviðum sem tengjast starfsemi Breiðafjarðarnefndar.

Sigurður Rúnar Friðjónsson kynnti vinnu starfshópsins í Dölum. Markmið starfshópsins er að leggja fram tillögur sem m.a. snúa að jarðhitaleit, aukinni orkuöflun og flutningskerfi raforku. Jafnframt verði hugað að stofnun þjóðgarðs á svæðinu, minjavernd, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu<sup>3</sup>.

Breiðafjarðarnefnd og starfshópur í Dölum ræddu markmið vinnunnar í Dölum og hvernig þau tengjast verndarsvæði Breiðafjarðar og starfsemi Breiðafjarðarnefndar. Ljóst er að vinna Breiðafjarðarnefndar, stýrihóps um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og tengsl við byggðapróun og starfshóps í Dölum eiga að hluta til við um sama svæðið og hafa sömu markmið.

<sup>1</sup> Breiðafjarðarnefnd. (2021). <https://www.breidafjordur.is/framtid-breidafjardar/>

<sup>2</sup> Stýrihópur vegna verndarsvæðis Breiðafjarðar. (2022). <https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/nanar-um-nefnd/?itemid=c35ecbc9-a6d6-11ec-8147-005056bcf582>

<sup>3</sup> Unnið að eflingu samfélagsins í Dalabyggð. (2023). <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/11/28/Unnid-ad-eflingu-samfelagsins-i-Dalabyggd/>



## BREIÐAFJARÐARNEFND

Báðir aðilar leggja áherslu á að efla samstarf milli hópanna þriggja til að samræma vinnu sem öll heyrir undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Ákveðið var að lokum að halda sambandi um framgang mála. Fundur í dag var hugsaður sem staðarfundur en vegna veðurs þurfti að breyta honum í fjarfund. Báðir aðilar voru sammála um að það væri æskilegt að koma saman á staðarfundi áður en starfshópurinn í Dölum skilar niðurstöðum sínum til ráðherra.

### 2. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður í fjarfundi þann 5. febrúar kl.13.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.45.

# Fundargerð 942. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 26. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Sigrún Sverrisdóttir, Kjartan Magnússon, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Guðmundur Ari Sigurjónsson, boðaði forföll, varamaður hans Sigrún Sverrisdóttir, mætti í hans stað. Hildur Björnsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Kjartan Magnússon mætti í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 941. fundar - 2309033SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 941. fundar stjórnar sambandsins frá 12. janúar 2024, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

**2. Fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024 - 2312017SA**

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024, ásamt greinargerð. Sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins gerði grein fyrir áætluninni.

*Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024.*

**3. Fjárhagsáætlun Bakhjarls sambandsins 2024 - 2312018SA**

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024. Sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins gerði grein fyrir áætluninni.

*Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024.*

**4. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2023 - 2401007SA**

Lögð fram drög að ársreikningi Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023. Sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins gerði grein fyrir reikningnum.

*Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.*



5. **Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2401006SA**  
Lögð fram drög að ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023. Sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins gerði grein fyrir reikningnum.  
*Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.*
6. **Starfsáætlun stjórnar 2024 - 2312016SA**  
Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024. Formaður fór yfir helstu þætti áætlunarinnar.  
*Formanni falið að vinna áfram að málinu í samræmi við umræður á fundinum. Ákveðið að taka starfsáætlun stjórnar aftur til afgreiðslu á næsta stjórnarfundi.*
7. **Staða kjaramála - 2301032SA**  
Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í janúar 2024.
8. **Kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA**  
Lagt fram sem trúnaðarskjal fundargerð 39. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 17. janúar 2024.
- Valur Rafn Halldórsson vék af fundi kl. 14:10, Valgerður Rún Benediktsdóttir tók við ritun fundargerðar.  
Einar Þorsteinsson vék af fundi kl. 14:15.
9. **Dagskrá landsþings sambandsins 2024 - 2304024SA**  
Rætt um dagskrá landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024 og hugsanleg áhersluatriði í umfjöllun landsþingsins.  
*Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni að halda áfram undirbúningi á grundvelli umræðu á fundinum.*
10. **Umsögn um frumvarp til laga um vindorku - 2401011SA**  
Lögð fram drög að umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 9. janúar 2024, um frumvarp til laga um vindorku, mál nr. S-1/2024. Flosi Hrafn Sigurðsson sérfræðingur á stjórnarsýslusviði kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir drögin.  
*Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir framlögð drög að umsögn með þeim athugasemdum sem fram komu á fundinum. Stjórn sambandsins telur framlagningu frumvarpsins og þingsályktunartillögu mikilvægt skref í átt að skýrara og einfaldara lagaumhverfi vegna uppbyggingar vindorkuvera. Nauðsynlegt sé að vinna leiðbeiningar vegna stjórnarsýslu sveitarfélaga í tengslum við þær breytingar sem verða á hlutverki þeirra sem tengist leyfisveitingum vegna vindorkuvera, verði frumvarpið að lögum. Þá telur stjórn sambandsins nauðsynlegt að arður af rekstri vindorkuvera berist til þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir áhrifum af vindorkuverum í samræmi við stefnumörkun sambandsins 2022-2026.*

- 11. Frumvarp til laga um lokað búsetuúrræði - 2401028SA**

Lagt fram minnisblað stjórnarsýslusviðs sambandsins, dags. 22. janúar 2024, um frumvarp til laga um lokað búsetuúrræði.

*Stjórn sambandsins telur mikilvægt að brugðist sé við þeirri stöðu sem upp er komin vegna útlendinga sem fengið hafa endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd hér á landi og eigi ekki rétt á þjónustu á grundvelli útlendingalaga. Skiptar skoðanir eru meðal sveitarfélaga á efni frumvarpsins en stjórn ítrekar þá afstöðu sem áður hefur komið fram að sveitarfélögum sé ekki skylt að veita þeim erlendu ríkisborgurum fjárhagsaðstoð sem vísað hefur verið úr þjónustu ríkisins í kjölfar synjunar á umsókn um alþjóðlega vernd. Þá leggur sambandið áherslu á að ef frumvarpið verður að lögum og lokuðu búsetuúrræði komið á fót verði haft samráð við sveitarfélögin um staðsetningu slíks úrræðis.*
- 12. Málefni Grindavíkur - 2401030SA**

Rætt um málefni Grindavíkur. Jafnframt lögð fram drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 (fasteignaskattur í Grindavíkurbæ).
- 13. Tilnefning í undirbúningsnefnd vegna afmælis sambandsins 2025 - 2401027SA**

Rætt um hugmyndir að fulltrúum í undirbúningsnefnd vegna 80 ára afmælis Sambands íslenskra sveitarfélaga 2025.
- 14. Landssamband ungmennafélaga - samstarfsbeiðni - 2401032SA**

Lagt fram bréf Landssambands ungmennafélaga, dags. 24. janúar 2024, þar sem óskað er eftir formlegu samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

*Stjórn þakkar fyrir erindi og felur formanni og starfsfólki að funda með LUF til að ræða fyrirkomulag verkefnisins. Málinu frestað til næsta fundar.*
- 15. Skýrsla um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk - 2205032SA**

Lögð fram skýrslan Kostnaðar- og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk - Áfangaskýrsla I, dags. 1. janúar 2024.
- 16. Endurtilnefning í reikningsskila- og upplýsinganefnd - 2104019SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 11. janúar 2024, þar sem Guðrún Torfhildur Gísladóttir, aðalbókari á fjármálasviði Seltjarnarnesbæjar, er tilnefnd í reikningsskila- og upplýsinganefnd.
- 17. Tilnefning í stýrihóp um málefni sýslumanna - 2312022SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 11. janúar 2024, þar sem Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar Reykjavíkurborgar, og Páll Magnússon, forseti bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar, eru tilnefnd í stýrihóp um málefni sýslumanna. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

**18. Umsögn um sjávarútvegsstefnu og frumvarp til laga um sjávarútveg -  
2401016SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 17. janúar 2024, um sjávarútvegsstefnu og frumvarp til laga um sjávarútveg, mál nr. S-245/2023.

Fundi var slitið kl. 15:30

# Fundargerð 943. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 9. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodorsson, Þórdís Sveinsdóttir, Helga María Pálsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA**

Lögð fram skýrsla Ríkisendurskoðunar um Úrvinnslusjóð - Stjórnsýsluúttekt, dags. í ágúst 2022. Einnig lögð fram skýrsla starfshóps um stöð framlengdrar framleiðendaábyrgðar á Íslandi um hlutverk framleiðend í hringrásarhagkerfi, dags. í nóvember 2022. Líf Magneudóttir og Jón Viggó Gunnarsson fulltrúar sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs sátu fundinn undir þessum lið.

Líf Magneudóttir vék af fundi kl. 08:30.

2. **Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

Lögð fram fundargerð 93. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 22. janúar 2024. Jón Viggó Gunnarsson sat fundinn undir þessum lið.

Jón Viggó Gunnarsson vék af fundi kl. 08:40.

3. **Fundargerð 942. fundar - 2309033SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 642. fundar stjórnar sambandsins frá 26. janúar 2024, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

4. **Kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA**

Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð 40. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 4. febrúar 2023.

5. **Staða kjaramála - 2301032SA**

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerir grein fyrir stöðu kjaramála í febrúar 2024.

6. **Brúum bilið leikskóli að loknu fæðingarorlofi - 2401022SA**  
Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sérfræðinga á þróunarsviði, dags. 19. janúar um verkefnið Brúa bilið.
7. **Drög að dagskrá landsþings sambandsins - 2304024SA**  
Lögð fram drög að dagskrá landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024. Drög verða sett inn fimmtudaginn 8. febrúar. Jafnframt lagt fram erindi til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landsþings, dags. 8. febrúar 2024, um tillögu að breytingum á samþykktum.  
*Stjórnin samþykkti fyrirbyggjandi drög og felur framkvæmdastjóra að boða landsþingsfulltrúa formlega til þingsins 14. mars nk.*
8. **Málefni Grindavíkurbæjar - 2311012SA**  
Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað stjórnsýslusviðs sambandsins, dags. 8. febrúar 2024, um Grindavík.
9. **Umsögn um þingsályktun um vindorku og frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun - 2401011SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 26. janúar 2024, um þingsályktun um vindorku, mál nr. S-1/2024 og frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun.
10. **Umsögn um áform um breytingu á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum - 2401031SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins, dags. 26. janúar 2024, um áform um breytingu á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, mál nr. S-6/2024.
11. **Umsögn um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga - 2401030SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar, dags. 29. janúar 2024, um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (fasteignaskattur í Grindavíkurbæ), 617. mál.

Fundi var slitið kl. 10:00

# Fundargerð 944. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 23. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Sigrún Sverrisdóttir, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Sunna Hlín Jóhannesdóttir mætti í hans stað. Guðmundur Ari Sigurjónsson boðaði forföll, varamaður hans Sigrún Sverrisdóttir mætti í hans stað.

Að auki sátu fundinn Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 943. fundar - 2309033SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 943. fundar stjórnar sambandsins frá 9. febrúar 2024, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

**2. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2023 - 2401007SA**

Lagður fram ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023, sbr. 4. tölulið fundargerðar 942. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Lilja D. Karlsdóttir, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2024, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi sambandsins.

*Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023 með stafrænni undirritun sinni.*

**3. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2401006SA**

Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023, sbr. 5. tölulið fundargerðar 942. fundar stjórnar sambandsins. Undir þessum lið sat Lilja D. Karlsdóttir, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. í febrúar 2024, og áritaði jafnframt reikninginn stafrænt sem óháður endurskoðandi sambandsins.

*Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023 með stafrænni undirritun sinni.*

**4. Staða kjaramála - 2301032SA**

Formaður samninganefndar sveitarfélaga og formaður gerðu grein fyrir stöðu kjaramála í febrúar 2024 og tillögur ríkisins varðandi aðkomu sveitarfélaga.

*Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að koma áherslum stjórnar vegna mögulegra aðgerða sveitarfélaga til að stuðla að því að langtíma kjarasamningur náist, á framfæri við ríkisstjórnina.*

**5. Áhersluverkefni í úrgangsmálum 2024 - 2210013SA**

Lagt fram minnisblað stjórnsýslusviðs sambandsins, dags. 13. febrúar 2024, um áhersluverkefni í úrgangsmálum 2024.

*Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að forgangsöröðun verkefna í úrgangsmálum sem lögð er fram í minnisblaði verkefnastjórnar fyrir árið 2024. Verkefnin falla að stefnumörkun sambandsins 2022-2026 í úrgangsmálum og eru til þess fallin að efla úrgangsstjórnun sveitarfélaga.*

**6. Fagteymi vegna kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni - 2402027SA**

Rætt um hugmynd að stofnun fagteymis skv. aðgerðaráætlun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038. Hlutverk fagteymisins verður að taka við beiðnum um aðstoð frá kjörnum fulltrúum vegna eineltis, ofbeldis, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni, meta þær og koma í viðeigandi farveg og eftir atvikum fylgja eftir tilkynningum til teymisins og tryggja að þær fái viðhlítandi málsmeðferð. Teyminu verður jafnframt ætlað að miðla upplýsingum og vinna að forvörnum á ofangreindu sviði. Er hugmyndin í samræmi við stefnumörkun sambandsins en þar segir að sambandið eigi að styðja við að umbótatillögur um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa komist til framkvæmda í samræmi við þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga.

*Eftirfarandi bókun samþykkt með 9 atkvæðum. Rósa Guðbjartsdóttir og Einar Brandsson sátu hjá við afgreiðslu málsins.*

*Stjórn sambandsins fagnar þessari tillögu í aðgerðaráætlun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og samþykkir að taka þátt í þessari vinnu og felur framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir.*

**7. Fæðuklasinn - 2402029SA**

Lögð fram drög að samningi milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Íslenska fæðuklasans ehf en markmið hans er m.a. að draga út vistspori fæðuframléiðslu með hringrásarhagkerfið að leiðarljósi, stuðla að byggðafestu, efla mótun frumkvöðla- og nýsköpunar þekkingar á meðal ungmenna.

**8. Notkun sveitarfélaga á skýjaþjónustu í grunnskólastarfi - úttekt Persónuverndar - 2203008SA**

Lagt fram bréf Persónuverndar, dags. 11. janúar 2024, um ákvörðun um notkun Google Workspace for Education í grunnskólastarfi.

**9. Málefni Grindavíkurbæjar - 2311012SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal drög að samkomulagi milli innviðaráðherra og bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar um stuðning við stjórnslu og fjárhag sveitarfélagsins á grundvelli VIII kafla laga nr. 138/2011. Að auki lagt fram álit Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga vegna samkomulagsdraganna, dags. 22. febrúar 2024. Einnig lagt fram í trúnaði bréf Fannars Jónassonar bæjarstjóra Grindavíkurbæjar, dags. 22. febrúar 2024, um samkomulagið.

*Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni að koma sjónarmiði stjórnar á framfæri m.v. umræður á fundinum.*

**10. Umsögn um frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun - 2402022SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 12. febrúar 2024, um frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun, 585. mál.

**11. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/010 - tímabundnar uppbyggingarheimildir - 2402014SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 14. febrúar 2024, um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 (tímabundnar uppbyggingarheimildir, 628. mál.

**12. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald - hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl. - 2402025SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 19. febrúar 2024, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 (hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl.), mál nr. S-28/2024.

Fundi var slitið kl. 15:40.



# Fundargerð 461. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2024, föstudaginn 16. febrúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Gunnar Tryggvason boðaði forföll.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 460. fundar - 2401001HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 460. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 15. janúar 2024 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

**2. Fundargerð Siglingaráðs - 2009019HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 44. fundar Siglingaráðs frá 7. desember 2023.

**3. Tillaga að samgönguáætlun 2024-2038 - 2307001HA**

Rætt um tillögu að samgönguáætlun 2024-2038, ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

*Samgönguáætlun fyrir tímabilið 2024-2038, ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028 var lögð fram á Alþingi í október s.l. og síðan vísað til umhverfis og samgöngunefndar þingsins. Þar sem áætlunin hefur enn ekki verið afgreidd frá Alþingi eru styrkhæfar nýframkvæmdir hafna sem eru í áætluninni og eiga að hefjast á árinu 2024, í biðstöðu.*

*Þar sem Alþingi þarf að samþykkja styrkhæfni og styrkhlutfall tiltekinna framkvæmda fyrirfram, sem það gerir með samþykki samgönguáætlunar, er því ekki hægt án samþykkis Alþingis að greiða úr ríkissjóði styrki til tiltekinna hafnaframkvæmda.*

*Það er því mjög bagalegt fyrir íslenskar hafnir að áætlunin hafi ekki enn verið afgreidd frá Alþingi þannig að hægt verði að byrja að hanna og bjóða út margar brýnar hafnaframkvæmdir strax í byrjun árs 2024, og nýta þannig framkvæmdatímamann sem best á árinu.*

*Stjórn Hafnasambands Íslands hvetur innviðaráðherra og Alþingi til þess að afgreiða samgönguáætlunina sem allra fyrst og eyða þeirri óvissu sem hafnirnar þurfa að búa við í dag.*

4. **Umhverfiseinkunnarkerfi fyrir skemmtiferðaskip - Environmental Port Index - Epi - 2302001HA**

Rætt um stöðu mála en enging svör eða gögn hafa borist frá ráðuneytinu.

*Stjórn Hafnasambands Íslands ítrekar óskir sínar um að tillögu um lagabreytingar varðandi heimildir fyrir umhverfisákvæði í gjaldskrá allra hafnasjóða verði afgreiddar frá ráðuneytinu hið allra fyrsta svo þau komist til umfjöllunar og afgreiðslu á Alþingi á yfirstandandi vorþingi. Jafnframt að fyrirliggjandi tillögur að breytingum á hafnalögum nái umfjöllun og afgreiðslu á yfirstandandi vorþingi.*
5. **Öryggisúttekt farþegaskipa - 2312002HA**

Lagt fram bréf Hafnasambands Íslands til Innanríkisráðuneytisins, dags. 5. janúar 2024, um öryggisúttekt vegna siglinga skemmtiferðaskipa við strendur Íslands.

*Stjórn Hafnasambands Íslands ítrekar óskir sínar um að þessi mál verði klárið sem allra fyrst af hálfu ráðuneytisins svo þau komist til afgreiðslu á Alþingi á yfirstandandi vorþingi.*
6. **Umhverfisstofnun - námskeið vegna olíumengunar - 2402001HA**

Formaður gerir grein fyrir hugmynd Umhverfisstofnunar um að Hafnasamband Íslandi komi að því að skipuleggja námskeið um viðbrögð við bráðamengun sem væri sérstaklega sniðið að þörfum hafna.

*Stjórn Hafnasambands Íslands tekur jákvætt í erindið og felur formanni að ræða frekari útfærslu við Umhverfisstofnun.*
7. **Dagskrá hafnasambandsþings - 2210002HA**

Rætt um dagskrá hafnasambandsþings 2024, stefnt að því að leggja fram drög að dagskrá á maí fundi stjórnar.
8. **Fjarvigtun - tilraunaverkefni - 2009021HA**

Rætt um stöðu verkefnisins.
9. **Vitafélagið - málþing um íslenska strandmenningu - 2402002HA**

Lögð fram til kynningar dagskrá málþings um íslenska strandmenningu sem haldin verður á Akranesi 4. mars 2024.

Fundi var slitið kl. 11:50



## Fundargerð - 179 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 24 janúar kl.09.30 að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Líf Lárusdóttir, Ragnar Sæmundsson, Elín Gunnarsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Eyjólfur I. Bjarnarson, Jakob B. Jakobsson og Sigurbjörg Ottesen. Garðar Svansson mætti í forföllum Jósefs Kjartanssonar. Júníana Óttarsdóttir boðaði forföll og Guðný Elíasdóttir var fjarverandi. Auk þess sat Páll S. Brynjarsson fundinn og ritaði fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.09.45

### 1. Fundargerð frá 178 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 178 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

### 2. Gott að eldast

Líf Lárusdóttir verkefnisstjóri Gott að eldast fór yfir stöðuna á verkefninu á Vesturlandi. Fram kom að vinna er komin á gott skrið og verið er að ljúka samantekt á tölfræði varðandi öldrunarþjónustu á Vesturlandi.

### 3. Sameiginlegar starfsstöðvar/samhæfð svæðaskipan

Lögð fram kynning frá vinnuhópi sem skipaður var af mennta- og barnamálaráðherra til að skoða tækifæri til þess að auka samþættingu/samstarf sveitarfélaga á verkefnum mennta- og barnamálaráðuneytisins. Verkefni eru; farsæld barna, barnavernd, skólaþjónusta, æskulýðsmál og tómstundir og íþróttastarf. Minnisblaðið er lagt fram til umræðu. Stjórn SSV skipaði vinnuhóp á fundi sínum 29 nóvember s.l. til að skoða tækifæri til samstarfs í velferðarmálum á Vesturlandi og var samþykkt að fela hópnum að skoða öll þau verkefni sem fram koma í minnisblaði starfshóps ráðuneytisins.

### 4. Förgun dýraleifa

Rætt um förgun dýraleifa og lagt fram minnisblað sem Stefán Gíslason ráðgjafi hjá Environice vann fyrir SSV á s.l. ári. Samþykkt að boða til fundar um förgun dýraleifa.

### 5. Verðmætasköpun á sauðfjárræktarsvæðum

Framkvæmdastjóri greindi frá stöðunni á vinnu við tækifæragreiningu til aukinnar verðmætasköpunar á sauðfjárræktarsvæðum í Dalabyggð, Reykhólahreppi, á Ströndum og í Húnaþingi vestra.

## **6. Þátttaka SSV á fjárfestakynningu.**

Lagt fram minnisblað um þátttöku SSV á fjárfestakynningu í Frakklandi sem verður dagana 12 til 15 mars. Landshlutasamtökin munu senda fulltrúa á kynninguna, en Íslandsstofa hefur veg og vanda af þátttöku íslenskra aðila. Fyrir utan SSV mun Þróunarfélag Grundartanga senda fulltrúa á kynninguna.

## **7. Umsóknir frá SSV í C1 í byggðaáætlun**

Lagt fram til kynningar minnisblað um verkefni sem SSV sótti um í verkefnasjóðinn C1 undir byggðaáætlun. Verkefni eru annars vegar „Veldu Vesturland“ sem snýst um að laða unga fólkíð sem fer burt í nám eða störf heim aftur og hins vegar Breiðablik íbúa- og gestastofa.

## **8. Uppbyggingarsjóður Vesturlands.**

Lagt fram minnisblað um styrkveitingar úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands, en úthlutunarhátíð fór fram 12 janúar s.l. Alls bárust 126 umsóknir og fengu 76 umsóknir brautargengi eða 60%.

## **9. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar 2024**

Lögð fram skýrsla um starfsemi Sóknaráætlunar Vesturlanda árið 2023, auk þess sem lagt var fram minnisblað með tillögu að áhersluverkefnum sóknaráætlunar fyrir árið 2024. Stjórn ræddi tillögur að verkefnum og vísaði þeim áfram til fundar samráðsvettvangs sem haldinn var síðar sama dag.

## **10. Sóknaráætlun 2025-2029**

Rætt um vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar fyrir Vesturland sem mun gilda árinu 2025-2029. Fram kom að SSV mun fá stuðning upp á rúmar 5 m.kr. til þess að kosta vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar. Stjórn ræddi mikilvægi þess að ná breiðri þátttöku sveitarfélaga, fyrirtækja og íbúa við gerð nýrrar áætlunar.

## **11. Framlögð mál**

Framkvæmdastjóri kynnti að aðalfundar SSV árið 2024 verði haldinn á Hótel Hamri 20 mars n.k..

Fundi slitið kl. 11.50



Borgarnesi 19.02 2024

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

### Efni; Aðalfundarboð

Hér með er boðað til aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundurinn fer fram á Hótel Hamri, Borgarnesi miðvikudaginn 20 mars 2024. Sama dag verða einnig aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands.

Dagskrá miðvikudaginn 20 mars verður sem hér segir:

Kl.09.30	Aðalfundur Starfsendurhæfingar Vesturlands
Kl.10.15	Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands
Kl.11.15	Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands
Kl.12.15	Hádegisverður
Kl.13.00	Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands
Kl.14.00	Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi


Eftirtaldir dagskrárliðir verða teknir fyrir á aðalfundi SSV samkvæmt lögum SSV;

- Skýrsla stjórnar SSV um starfsemi liðins árs.
- Ársreikningur SSV, ásamt skýrslu endurskoðanda
- Kosning stjórnar og varastjórnar
- Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
- Kosning endurskoðanda.
- Önnur mál löglega fram borin.

Seturétt á aðalfundi SSV eiga sveitarstjórnarfulltrúar á Vesturlandi sem kosnir eru af sveitarfélögunum sem fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV. Ársreikningur SSV ásamt ársskýrslu fyrir árið 2023 verða send sveitarfélögunum fyrir aðalfundinn. Vakin er athygli á því að á Haustþingi SSV í október 2023 var samþykkt fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2024.

Fulltrúar á aðalfundi SSV hafa jafnframt seturétt á öðrum aðalfundum sem fram fara þennan dag. Rétt er að geta þess að sveitarfélögin þurfa að skila inn umboði um hver fer með atkvæðisrétt fyrir þeirra hönd á fundum Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands. Á fundi Starfsendurhæfingar Vesturlands fer formaður SSV með atkvæðisréttinn fyrir hönd sveitarfélaganna.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Páll S. Brynjarsson', followed by a horizontal line extending to the right.

Páll S. Brynjarsson  
Framkvæmdastjóri SSV



## **D A G S K R Á**

**Aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf.  
miðvikudaginn 20. mars 2024 kl. 13  
á Hótel Hamari, Borgarbyggð.**

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Ársreikningar félagsins og grænt bókhald.
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
5. Lagabreytingar
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.
8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

*Stjórnin*

Til allra sveitarstjórna

## FUNDARBOÐ

Aðalfundur Láнасjóðs sveitarfélaga ohf. verður haldinn fimmtudaginn 14. mars 2024 kl. 16:30 í Silfurberg, Hörpunni, Reykjavík.

Í samræmi við samþykktir Láнасjóðsins verður jafnframt boðið upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum í gegnum Teams, en auk þess fer atkvæðagreiðsla á fundinum fram með rafrænum hætti. Aðilar þurfa að hafa meðferðis farsíma eða tölvu til að taka þátt í atkvæðagreiðslu.

Mikilvægt er að fundarmenn skrái sig fyrir fram á fundinn. Skráning á fundinn fer fram á heimasíðu sjóðsins [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is).


Vakin er athygli á því að allir sveitarstjórnarfulltrúar eiga rétt á að sækja aðalfundinn svo og fulltrúar fjölmiðla skv. hlutafélagalögum (nr. 2/1995). Sveitarstjóri er sjálfkrafa handhafi atkvæðisréttar sveitarfélagsins.

### Dagskrá aðalfundar

1. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur 2023 lagður fram til afgreiðslu.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
5. Tillögur um breytingar á samþykktum Láнасjóðsins.
6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
7. Kosning stjórnar skv. 15. gr. samþykktanna.
8. Kosning tilnefningarnefndar.
9. Kosning utanaðkomandi fulltrúa í endurskoðunarnefnd.
10. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
11. Ákvörðun um þóknun til stjórnar – og nefndarmanna fyrir störf þeirra.
12. Önnur mál.

Ársreikningur fyrir árið 2023 ásamt tillögum til aðalfundar og tillögu kjörnefndar verða aðgengilegar á heimasíðu Láнасjóðsins [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is).

Virðingarfyllt  
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA OHF.



Óttar Guðjónsson  
framkvæmdastjóri



Reykjavík 25. febrúar 2024

**Til bæjarráðs Snæfellsbæjar – tilv. Málsnúmer 2024-004025**

Ég, ábyrgðarmaður Hvítra Máva ehf., kt. 620221-1200, Kristín Sigríður Garðarsdóttir, mótmæli fyrirhugaðri synjun umsóknar minnar, um leyfi til rekstrar gististaðar í flokki II. Það geri ég á forsendum þess, að þekkt eru fordæmi fyrir því að rekstrarleyfi í flokki II hafi verið gefið út á íbúðarhúsnæði í íbúðarbyggð, eins og sótt var um fyrir Skólabraut 1, Hellissandi í janúar sl.

Í nánasta umhverfi eru t.d.:

- *The Freezer Apartments, Snæfellsási 1 (F2114447) LG-REK-014539*
- *Our house in the center of He, Munaðarhóll 16 (F2114393) LG-REK-012416*
- *Gamla Rif, Háarif 3 (F2114217) LG-REK-013512*

Þá eru mörg dæmi um svona rekstrarleyfi í Ólafsvík, t.d.:

- *Ennisbraut 1 ehf, Ennisbraut 1, Ólafsvík (F2103542) LG-REK-014225*
- *Anchor in Ólafsvík, Grundarbraut 8, (F2103604) LG-REK-014729*
- *Mýrarholt 5, Ólafsvík, (F2103729) LG-REK-014879*

Þar af leiðandi óska ég þess að umsókn mín dags. 18. janúar 2024, verði endurskoðuð og að við úrlausn máls þessa, verði gætt samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti sbr. 11. gr. jafnræðisreglu í Stjórnsýslulögum frá 1993 nr. 37, 30. apríl.

Virðingarfyllt

F.h. Hvítra Máva ehf.

*Kristín S. Garðarsdóttir*



Dagsetning 7. febrúar 2024  
Málsnúmer MRN24010023

## Til tónlistarskóla vegna fyrirhugaðrar úttektar

Mennta- og barnamálaráðuneyti hefur nú undanfarið beint sjónum sínum að málefnum tónlistarfræðslunnar. Hafin er ákveðin undirbúningsvinna vegna stefnumörkunar og heildarendurskoðunar á tónlistarfræðslu á öllum skólastigum meðal annars í samræmi við sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf og í tengslum við Menntastefnu til 2030.

Sem lið í undirbúningsvinnunni hefur ráðuneytið ákveðið að framkvæma úttekt á starfsemi tónlistarskóla sem viðurkenndir hafa verið samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Markmið með úttektinni er að safna gögnum sem þannig koma til með að styðja við komandi starf.

Úttektin er þannig mikilvægur hluti af undirbúningi að stefnumótun ráðuneytisins um listmenntun, sem og endurskoðun á aðalnámskrá tónlistarskóla en einnig almennu eftirlitshlutverki þess.

Úttektin felur meðal annars í sér að utanaðkomandi aðili leggur mat á starfsemi tónlistarskóla með hliðsjón af gildandi lögum og aðalnámskrá og könnun þátta svo sem stjórnun, innra starf, aðstaða, samskipti innan skóla og við aðila utan skólans, þjónusta við nemendur og starfsfólk og umbætur í skólastarfi.

Verður það m.a. gert með því að skoða fyrirbyggjandi gögn um starfsemi skóla, útsendum spurningarlistum, heimsóknum úttektaraðila og viðtölum við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra. Úttektirnar eru gerðar í samræmi við aðalnámskrá tónlistarskóla og ákvæði 12. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Framkvæmdin er með þeim hætti að sendir verða spurningalistar til allra skólastjórnenda en heimsóttir verða tíu skólar.

Umsjón og ábyrgð á framkvæmd úttektarinnar er í höndum ráðgjafafyrirtækisins Arcur. Gert er ráð fyrir að úttektin fari fram á tímabilinu febrúar til apríl nk. og að fyrstu niðurstöður liggi fyrir í maí 2024. Arcur mun verða í sambandi við skólann fljótlega, m.a. til að upplýsa nánar um fyrirkomulag úttektarinnar og afla gagna. Ábyrgðarmaður af hálfu Arcur er Þröstur Sigurðsson (throstur@arcur.is) en auk hans er Lilja Dögg Gunnarsdóttir (liljad@arcur.is) tengiliður Arcur vegna verkefnisins

Ráðuneytið væntir góðs samstarfs við starfsfólk tónlistarskólans um úttektina og gerir ráð fyrir eftirfylgni hvers skóla og viðbrögðum við ábendingum þeim er úttektin kann að leiða í ljós.

F.h. ráðherra  
Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir

F.h. ráðherra

Óskar Haukur Níelsson

## Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun

### Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Snæfellsnesi um sjálfbæra þróun í málefnum umhverfis, menningar, samfélags og efnahags.

Snæfellsnes einkennist af náttúrufrægurð og fjölbreytni, með stórbrotinn fjallgarð eftir allri miðjunni, glæsilegar sandstrendur, fagra eyjaklasa og Snæfellsjökul sem trónir yfir. Náttúra Snæfellsness er með eindæmum fjölbreytt á íslenskan mælikvarða, sérstaklega með tilliti til landslags, jarðfræði og dýralífs, en fimm svæði eru friðlýst í þeim tilgangi að vernda verðmæta náttúru og menningarminjar, þar á meðal Snæfellsjökulsþjóðgarður. Norðurströnd Snæfellsness liggur að Breiðafirði, sem er verndaður með sérlögum um vernd Breiðafjarðar. Á Snæfellsnesi búa um 4.000 manns. Byggðin er dreifð og helstu atvinnuvegir eru útgerð, fiskvinnsla, ferðaþjónusta, menntun, landbúnaður, verslun og önnur þjónusta. Snæfellsnes á sér ríka sögu og menningararfleið sem skal varðveita eftir fremsta megni.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa sýnt frumkvæði í þágu sjálfbærrar þróunar á Íslandi undanfarna áratugi. Í samræmi við þetta hafa sveitarfélögin Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær, Eyja- og Miklaholtshreppur og Sveitarfélagið Stykkishólmur sett sér þessa sameiginlegu stefnu um sjálfbæra þróun með það að markmiði að samfélögin dragi úr neikvæðum umhverfisáhrifum sínum frá ári til árs.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi vinna sameiginlega og hvert í sínu lagi að uppbyggingu og eftirfylgni langtímaáætlunar um sjálfbæra þróun. Með henni leitast þau við að fylgja ákvæðum alþjóðlegra samþykka og innlendra áætlana, auk þess sem tekið er mið af öllum öðrum lögum, reglugerðum, samningum og öðrum samþykktum sem varða þá þætti sem stefnan nær til og finna má í laga- og reglugerðaskrá umhverfisstjórnunarhandbókar vegna umhverfisvottunar. Á Snæfellsnesi er samstaða um að vinna í samræmi við staðal EarthCheck fyrir áfangastaði, siðareglur Alþjóðaferðamálastofnunarinnar (UNWTO), Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, samþykktir Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio De Janeiro árið 1992 og Parísarsamkomulagið frá 2015. Jafnframt hafa sveitarfélögin skuldbundið sig til að fylgja Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026, þar sem framtíð Snæfellsness miðar að því að vernda og styrkja verðmæti svæðisins með náttúru jafnt sem núverandi og komandi kynslóðir í huga.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi vilja hafa græn gildi að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og miða ákvarðanatöku við að reyna að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af henni og láta vinnuafli, vörur og þjónustu af svæðinu njóta forgangs. Þau beita fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda, og hvetja fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklinga til að fylgja því fordæmi og bæta frammistöðu sína í átt að sjálfbærri þróun. Framtíðarsýn sveitarfélaganna byggist meðal annars á markmiðum sem hvert sveitarfélaganna hefur sett sér í umhverfis- og loftslagsstefnu sinni skv. 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál. Markmiðin snúa meðal annars að árangri við innleiðingu hringrásarhagkerfisins, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, aukinni kolefnisbindingu, sparnaði og stjórnun orkunýtingar og verndun vistkerfa. Þessi markmið eiga einnig heima í lykilsviðum EarthCheck sem leiða framfarir í sjálfbærri þróun samfélags, umhverfis, menningar og efnahags. Aðgerðir til að ná þessum markmiðum má finna í framkvæmdaáætlun sveitarfélaganna vegna umhverfisvottunar og aðgerðaáætlunum hvers sveitarfélags vegna umhverfis- og loftslagsstefnu.

Sveitarfélögin hafa einsett sér að vinna að stöðugum úrbótum á eigin frammistöðu í umhverfislegu, efnahagslegu og menningar- og félagslegu tilliti, með hliðsjón af viðmiðunarskýrslum EarthCheck fyrir svæðið. Leitast verður við að halda uppi samskiptum við alla hagsmunaaðila til að tryggja samræmdar aðferðir við að ná framúrskarandi árangri. Jafnframt munu sveitarfélögin styðja við fræðslu um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð fyrir fyrirtæki, stofnanir og íbúa Snæfellsness. Skilvirk miðlun upplýsinga með ársskýrslu er liður í þessum samskiptum, svo og opið samráð við alla hagsmunaaðila um starf sveitarfélaganna að sjálfbærri þróun.

Þessi stefna hefur verið formlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnnum og kynnt íbúum.

Samþykkt og undirritað f.h. sveitarfélaganna á Snæfellsnesi xx. mars 2024,

Eyja- og Miklaholtshreppur

Grundarfjarðarbær

Sveitarfélagið Stykkishólmur

Snæfellsbær



Góðan daginn.

Hið nýlega stofnsetta ferðapjónustufyrirtæki, Snæfellsnes Adventure, undirbýr nú í samstarfi við Hópferðabíla Svans Kristófers og GH Hópferðabíla ákveðið tilraunaverkefni, sem fyrirhugað er að láta reyna á næsta sumar á Snæfellsnesi. Fyrirtækið hefur þegar hlotið styrk úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands.

Um er að ræða það sem á ensku kallast „Hop On Hop Off“ vagn (farþegarútur) fyrir erlenda ferðamenn sem koma með skipum til Grundarfjarðar og geta hugsað sér að hoppa á vagninn sem ekið verður milli nágrennabyggðarlaganna.

Ætlunin er að aka tvo til þrjú daga í sumar og er fyrst og fremst ætlunin að einbeita sér að stóru skipakomudögnum til að léttu álagi á Grundarfirði með því að dreifa farþegum markvisst til annarra áhugaverðra áfangastaða á Snæfellsnesi og stuðla jafnframt að betri nýtingu hinna ýmsu þjónustuaðila sem eru á svæðinu með jafnari og stöðugri heimsóknnum til þeirra. Með þessu er einnig meiningin að skapa aukin tækifæri fyrir alla greinina á svæðinu til að vaxa, t.d. með því að leggja aukna áherslu á staðbundna (local) menningu og listtengda ferðapjónustu.

Í þessu verkefni er ætlunin að byggja upp net samstarfsaðila og slípa til „Hop ON Hop Off“verkefnið, og ef vel gengur að fara á kaupstefnu þar sem útgerðir skemmtiferðaskipanna „versla“ fyrir sumarið 2025.

Hugmyndin á bak við stofnun Snæfellsnes Adventure er að til verði fyrirtæki á Snæfellsnesi sem sérhæfi sig í móttöku farþega skemmtiferðaskipanna og komi á framfæri við þá áhugaverðum upplýsingum um það sem Snæfellsnes hefur upp á að bjóða á sviði afþreyingar, menningar, sögu og lista sem mætti koma betur á framfæri þannig að allir aðilar geti vaxið og dafnað.

Markmiðið er að ferðapjónustan verði sjálfbær atvinnugrein sem byggð verði upp á forsendum samfélaganna.

Vegna þessa tilraunaverkefnis leitum við að áhugasömum samstarfsaðilum sem vilja taka þátt í verkefninu með okkur.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Með vinsemd,

Einar Sveinn Ólafsson.  
Framkvæmdastjóri  
897 0303  
einar@snæfellsnesadventure.is

Febrúar 2024

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Óbyggðanefnd <postur@obyggdanefnd.is>  
**Sent:** mánudagur, 12. febrúar 2024 14:48  
**To:** Óbyggðanefnd  
**Subject:** Þjóðlendumál: eyjar og sker  
**Attachments:** Þjóðlendumál - eyjar og sker - tilkynning frá óbyggðanefnd.docx

[Sumir sem hafa fengið þetta skeyti fá ekki oft tölvupóst frá postur@obyggdanefnd.is. Kynntu þér hvers vegna þetta gæti verið mikilvægt  
*Eftirfarandi póstur er í upplýsingarskyni sendur sveitarfélögum sem liggja að sjó:*

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur fyrir hönd íslenska ríkisins afhent óbyggðanefnd kröfur um þjóðlendir á svæði 12 sem nefnist „eyjar og sker“ og tekur til landsvæða innan landhelginnar en utan meginlandsins. Um er að ræða sautjándá og síðasta svæðið sem óbyggðanefnd tekur til meðferðar. Hér á eftir fara upplýsingar um kröfugerð íslenska ríkisins og málsmeðferð.

Óbyggðanefnd kallar nú eftir kröfum þeirra sem kunna að eiga öndverðra hagsmuna að gæta. Kröfum skal lýst skriflega í síðasta lagi 15. maí 2024. Að lokinni gagnaöflun og rannsókn á eignarréttarlegri stöðu svæðanna úrskurðar óbyggðanefnd um framkomnar kröfur.

### Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkisins um þjóðlendir á svæði 12

Í kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins er svæði 12 skipt í átta hluta. Í meginatriðum er beitt útilokunaraðferð, þ.e. lýst kröfum sem taka til allra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga utan meginlandsins en innan landhelginnar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru, að undanskildum tilteknum eyjum eða hlutum þeirra, sbr. eftirfarandi yfirlit. Þá eru gerðar þjóðlendukröfur til afmarkaðra hluta tveggja eyja. Kröfulýsingarnar í heild eru birtar á vefsíðu óbyggðanefndar: [https://obyggdanefnd.is/til\\_medferdar/](https://obyggdanefnd.is/til_medferdar/)

#### ***Eyjar sem eru undanskildar þjóðlendukröfum:***

- A) *Suðurland:* Hluti Heimaeyjar — en gerð er krafa til hluta eyjarinnar, sjá kafla 5.2 í kröfulýsingu fyrir hluta A af svæði 12 (Suðurland).
- B) *Austurland:* Papey.
- C) *Norðurland eystra:* Flatey á Skjálfanda, Hrísey og hluti Grímseyjar— en gerð er krafa til hluta Grímseyjar, sjá kafla 5.2 í kröfulýsingu fyrir hluta C af svæði 12 (Norðurland eystra).
- D) *Norðurland vestra:* Málmey.
- E) *Vestfirðir utan Barðastrandarsýslna:* Æðey og Vigur.
- F) *Breiðafjörður:* Meginland/heimaeyjur eftirfarandi eyja (nákvæmari upplýsingar um eyjarnar eru í kröfulýsingu fyrir hluta F af svæði 12): 1) Flatey. 2) Svefney. 3) Hvallátur. 4) Skáley. 5) Sviðnur. 6) Bjarneyjar. 7) Sauðeyjar. 8) Hergilsey. 9) Skáley. 10) Purkey. 11) Hrappsey. 12) Arney. 13) Rauðseyjar. 14) Rúfseyjar. 15) Akureyjar. 16) Höskuldsey. 17) Saurlátur. 18) Þormóðsey. 19) Elliðaey. 20) Fagurey. 21) Bíldsey. 22) Gvendarey. 23) Ólafsey. 24) Rifgirðingar. 25) Brokey. 26) Öxney.
- G) *Vesturland utan Breiðafjarðar:* Hjörsey.
- H) *Suðvesturland:* Engey og Viðey.

Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra taka til allra annarra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga utan meginlandsins en innan landhelginnar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru.

## Um málsmeðferð óbyggðanefndar

Meginhlutverk óbyggðanefndar er að rannsaka hvaða svæði eru utan eignarlanda en slík svæði eru að undangenginni rannsókn úrskurðuð þjóðlendur. Einnig úrskurðar nefndin um óbein eignarréttindi innan þjóðlendna.

Óbyggðanefnd hefur skipt landinu í sautján svæði og tekið eitt til meðferðar hverju sinni. Þar af eru sextán svæði á meginlandinu en það sautjanda tekur, sem fyrr segir, til eyja og skerja utan meginlandsins. Málsmeðferð á hverju svæði hefst á því að óbyggðanefnd tilkynnir fjármála- og efnahagsráðherra að nefndin hafi ákveðið að taka svæðið til meðferðar og veitir honum frest til að lýsa fyrir hönd íslenska ríkisins kröfum um þjóðlendur þar. Þegar kröfur ríkisins liggja fyrir kynnir óbyggðanefnd þær og skorar á þá sem telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum innan tiltekins frests. Að liðnum þeim fresti eru heildarkröfur kynntar.

Óbyggðanefnd rannsakar síðan málin, sem felur m.a. í sér umfangsmikla og kerfisbundna gagnaöflun í samvinnu við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands. Leiði rannsókn nefndarinnar í ljós að einhver kunni að telja til eignarréttinda án þess að hafa lýst kröfu er viðkomandi gefinn kostur á að gerast aðili máls, sbr. 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga.

Þegar framkomin gögn hafa verið rannsökuð til hlítar úrskurðar óbyggðanefnd um kröfur málsaðila. Ef svæði sem ríkið hefur gert þjóðlendukröfur til reynast samkvæmt rannsókn óbyggðanefndar vera eignarlönd er kröfum ríkisins þar hafnað. Svæði sem reynast utan eignarlanda eru hins vegar úrskurðuð þjóðlendur.

Nánari upplýsingar um málsmeðferð eru á vefsíðu óbyggðanefndar:

- Almennar upplýsingar um málsmeðferð: <https://obyggdanefnd.is/malsmedferd/>
- Upplýsingar um svæði sem eru til meðferðar hverju sinni og ýmislegt sem varðar málsmeðferð þar: [https://obyggdanefnd.is/til\\_medferdar/](https://obyggdanefnd.is/til_medferdar/)

## Staða þjóðlendumála

Eyjar og sker eru sautjanda og síðasta svæðið sem óbyggðanefnd tekur til meðferðar. Einnig stendur yfir málsmeðferð á Austfjörðum.

Úrskurðað hefur verið í málum á fyrri svæðunum fimmtán, sbr. yfirlitskort um stöðu þjóðlendumála, en afmarkaðir hlutar þeirra eru þó til meðferðar nú á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga. Áformað er að úrskurðir í þeim málum og í málum á Austfjörðum verði kveðnir upp vorið eða sumarið 2024. Þá er áætlað að árið 2025 verði úrskurðað í málum sem varða eyjar og sker.

## Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar veita Sigmar Aron Ómarsson, framkvæmdastjóri óbyggðanefndar, og Erna Erlingsdóttir skrifstofustjóri:

- [postur@obyggdanefnd.is](mailto:postur@obyggdanefnd.is)
- sími: 563 7000

### Erna Erlingsdóttir, skrifstofustjóri

Óbyggðanefnd

Borgartúni 29

105 Reykjavík

Sími: 563 7000

[obyggdanefnd.is](https://obyggdanefnd.is) - Fyrirvari/Disclaimer



## Þjóðlendumál: eyjar og sker

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur fyrir hönd íslenska ríkisins afhent óbyggðanefnd kröfur um þjóðlendir á svæði 12 sem nefnist „eyjar og sker“ og tekur til landsvæða innan landhelginnar en utan meginlandsins. Um er að ræða sautjanda og síðasta svæðið sem óbyggðanefnd tekur til meðferðar. Hér á eftir fara upplýsingar um kröfugerð íslenska ríkisins og málsmeðferð.

Óbyggðanefnd kallar nú eftir kröfum þeirra sem kunna að eiga öndverðra hagsmuna að gæta. Kröfum skal lýst skriflega í síðasta lagi 15. maí 2024 fyrir óbyggðanefnd, Borgartúni 29, 105 Reykjavík, [postur@obyggdaneftnd.is](mailto:postur@obyggdaneftnd.is). Að lokinni gagnaöflun og rannsókn á eignarréttarlegri stöðu svæðanna úrskurðar óbyggðanefnd um framkomnar kröfur.

### Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkisins um þjóðlendir á svæði 12

Í kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins er svæði 12 skipt í átta hluta. Í meginatriðum er beitt útilokunaraðferð, þ.e. lýst kröfum sem taka til allra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga utan meginlandsins en innan landhelginnar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru, að undanskildum tilteknum eyjum eða hlutum þeirra, sbr. eftirfarandi yfirlit. Þá eru gerðar þjóðlendukröfur til afmarkaðra hluta tveggja eyja. Kröfulýsingarnar í heild eru birtar á vefsíðu óbyggðanefndar: [https://obyggdaneftnd.is/til\\_medferdar/](https://obyggdaneftnd.is/til_medferdar/)

#### *Eyjar sem eru undanskildar þjóðlendukröfum:*

- A) Suðurland:* Hluti Heimaeyjar — en gerð er krafa til hluta eyjarinnar, sjá kafla 5.2 í kröfulýsingu fyrir hluta A af svæði 12 (Suðurland).
- B) Austurland:* Papey.
- C) Norðurland eystra:* Flatey á Skjálfanda, Hrísey og hluti Grímseyjar— en gerð er krafa til hluta Grímseyjar, sjá kafla 5.2 í kröfulýsingu fyrir hluta C af svæði 12 (Norðurland eystra).
- D) Norðurland vestra:* Málmeý.
- E) Vestfirðir utan Barðastrandarsýslna:* Æðey og Vigur.
- F) Breiðafjörður:* Meginland/heimaeyjur eftirfarandi eyja (nákvæmari upplýsingar um eyjarnar eru í kröfulýsingu fyrir hluta F af svæði 12): 1) Flatey. 2) Svefney. 3) Hvallátur. 4) Skáley. 5) Sviðnur. 6) Bjarneyjar. 7) Sauðeyjar. 8) Hergilsey. 9) Skáley. 10) Purkey. 11) Hrappey. 12) Arney. 13) Rauðseyjar. 14) Rúfseyjar. 15) Akureyjar. 16) Höskuldsey. 17) Saurlátur. 18) Þormóðsey. 19) Elliðaey. 20) Fagurey. 21) Bíldsey. 22) Gvendarey. 23) Ólafsey. 24) Rifgirðingar. 25) Brokey. 26) Öxney.
- G) Vesturland utan Breiðafjarðar:* Hjörsey.
- H) Suðvesturland:* Engey og Viðey.

Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra taka til allra annarra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga utan meginlandsins en innan landhelginnar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru.



## Um málsmeðferð óbyggðanefndar

Meginhlutverk óbyggðanefndar er að rannsaka hvaða svæði eru utan eignarlanda en slík svæði eru að undangenginni rannsókn úrskurðuð þjóðlendur. Einnig úrskurðar nefndin um óbein eignarréttindi innan þjóðlendna.

Óbyggðanefnd hefur skipt landinu í sautján svæði og tekið eitt til meðferðar hverju sinni. Þar af eru sextán svæði á meginlandinu en það sautjanda tekur, sem fyrr segir, til eyja og skerja utan meginlandsins. Málsmeðferð á hverju svæði hefst á því að óbyggðanefnd tilkynnir fjármála- og efnahagsráðherra að nefndin hafi ákveðið að taka svæðið til meðferðar og veitir honum frest til að lýsa fyrir hönd íslenska ríkisins kröfum um þjóðlendur þar. Þegar kröfur ríkisins liggja fyrir kynni óbyggðanefnd þær og skorar á þá sem telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á svæði sem ríkið gerir kröfu til að lýsa kröfum sínum innan tiltekens frests. Að liðnum þeim fresti eru heildarkröfur kynntar.

Óbyggðanefnd rannsakar síðan málin, sem felur m.a. í sér umfangsmikla og kerfisbundna gagnaöflun í samvinnu við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands. Leiði rannsókn nefndarinnar í ljós að einhver kunni að telja til eignarréttinda án þess að hafa lýst kröfu er viðkomandi gefinn kostur á að gerast aðili máls, sbr. 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga.

Þegar framkomin gögn hafa verið rannsökuð til hlítar úrskurðar óbyggðanefnd um kröfur málsaðila. Ef svæði sem ríkið hefur gert þjóðlendukröfur til reynast samkvæmt rannsókn óbyggðanefndar vera eignarlönd er kröfum ríkisins þar hafnað. Svæði sem reynast utan eignarlanda eru hins vegar úrskurðuð þjóðlendur.

Nánari upplýsingar um málsmeðferð eru á vefsíðu óbyggðanefndar:

- Almennar upplýsingar um málsmeðferð: <https://obyggdaneftnd.is/malsmedferd/>
- Upplýsingar um svæði sem eru til meðferðar hverju sinni og ýmislegt sem varðar málsmeðferð þar: [https://obyggdaneftnd.is/til\\_medferdar/](https://obyggdaneftnd.is/til_medferdar/)

## Staða þjóðlendumála

Eyjar og sker eru sautjanda og síðasta svæðið sem óbyggðanefnd tekur til meðferðar. Einnig stendur yfir málsmeðferð á Austfjörðum.

Úrskurðað hefur verið í málum á fyrri svæðunum fimmtán, sbr. yfirlitskort um stöðu þjóðlendumála, en afmarkaðir hlutar þeirra eru þó til meðferðar nú á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga. Áformað er að úrskurðir í þeim málum og í málum á Austfjörðum verði kveðnir upp vorið eða sumarið 2024. Þá er áætlað að árið 2025 verði úrskurðað í málum sem varða eyjar og sker.

## Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar veita Sigmar Aron Ómarsson, framkvæmdastjóri óbyggðanefndar, og Erna Erlingsdóttir skrifstofustjóri:

- [postur@obyggdaneftnd.is](mailto:postur@obyggdaneftnd.is)
- sími: 563 7000

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Sigurður Eypórsson <sigurdur.eythorsson@mar.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 14. febrúar 2024 09:22  
**To:** Ása Þórhildur Þórðardóttir  
**Subject:** Regluverk um búfjárbætur - sjónarmið matvælaráðuneytis  
**Attachments:** Til sveitarfélaga\_MAR\_feb24.pdf

[Sumir sem hafa fengið þetta skeyti fá ekki oft tölvupóst frá sigurdur.eythorsson@mar.is. [Kynntu þér hvers vegna þetta gæti verið mikilvægt](#)

Komið þið sæl

Þessi póstur er sendur til allra sveitarfélaga með afriti til Sambands íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga, samkvæmt netfangalista sem birtur er á vef Sambandsins.

Talsverð umræða hefur átt sér stað á vettvangi sveitarfélaga og annarra hagaðila um eftirfylgni með gildandi lagaákvæðum um búfjárbætur (einkum sauðfjár). Ráðherra fundaði með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga í ágústlok 2023 þar sem farið var yfir málið. Fyrirspurnir og erindi um málið hafa þó haldið áfram.

Af því tilefni vill matvælaráðuneytið koma viðhengdri samantekt á framfæri við sveitarfélög til að skýra sjónarmið ráðuneytisins í málinu og benda á nokkur atriði sem þau geti hugsanlega gert til að skýra stöðuna á sínu svæði. Samantektin felur ekki í sér nein fyrirmæli, eingöngu upplýsingar og ábendingar sem vonast er til að komi að gagni.

Ljóst er að þetta efni á ekki við öll sveitarfélög, en þar sem ráðuneytið hefur ekki yfirlit um þá stöðu, eru þessi skilaboð send þeim öllum til upplýsinga, með þeim tilmælum að koma þeim á framfæri innan síns stjórnkerfis, þar sem það á við.

Kveðja



**Sigurður Eypórsson, sérfræðingur / Special Advisor**  
Skrifstofa landbúnaðar / Department of Agriculture  
Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries  
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 9700  
[www.mar.is](http://www.mar.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



## Minnisblað

### Regluverk um búfjárbeit – sjónarmið matvælaráðuneytis.

Vegna umræðna og fyrirspurna um mál sem tengjast reglum um búfjárbeit (einkum sauðfjár) vill matvælaráðuneytið koma eftirfarandi á framfæri við sveitarfélög.

Ráðherra átti fund með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga í lok ágúst sl. þar sem þessi mál voru til umræðu en í ljósi endurtekinna fyrirspurna vill ráðuneytið koma ákveðnum sjónarmiðum á framfæri. Ljóst er að þetta efni á ekki við öll sveitarfélög en þar sem ráðuneytið hefur ekki yfirlit um þá stöðu, eru þessi skilaboð send þeim öllum til upplýsinga, með þeim tilmælum að koma þeim á framfæri innan síns stjórnkerfis, þar sem það á við

Fyrir liggja álit umboðsmanns Alþingis 11167/2021 frá 11. október 2022, úrskurður dómsmálaráðuneytisins frá 11. janúar 2023 og álit innviðaráðuneytisins frá 23. júní 2023 sem varða framkvæmd lagaákvæða um búfjárbeit og ágangsfé. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur jafnframt reifað sín sjónarmið í minnisblaði til sveitarfélaganna 3. febrúar 2023.

Sumarið 2023 hafa bæði landeigendur og sveitarfélög komið því á framfæri við matvælaráðuneytið að framkvæmd lagaákvæða um búfjárbeit og ágangsfé hafi verið vandkvæðum bundin. Sveitarfélög hafa í einhverjum tilfellum ekki smalað ágangsfé á jörðum með vísan til þess að lögin séu óskýr. Lögreglustjórar hafa heldur ekki smalað m.a. í ljósi þess að mál hafi ekki verið fullafgreidd á vettvangi viðkomandi sveitarfélags. Landeigendur telja hins vegar skyldur sveitarfélaganna skýrar og kalla eftir aðgerðum.

Sú hugmynd hefur komið fram að stofna ætti starfshóp hagaðila um efnið þ.e. ráðuneyta, samtaka sveitarfélaga og samtaka bænda. Ráðuneytið telur ólíklegt að slíkur hópur næði sameiginlegri niðurstöðu, m.a. í ljósi þess að aðstæður og fyrirkomulag beitarstjórnunar eru afar mismunandi eftir landshlutum og gefa verður sveitarfélögum og hagaðilum svigrúm til að útfæra lausnir sem henta á hverjum stað. Af þeim sökum mun matvælaráðuneytið að svo stöddu ekki beita sér fyrir því eða gefa út samræmdar leiðbeiningar um túlkun fjallskilalaga eða laga um búfjárhald, eins og skýrt var tilgreint á fundinum með Sambandi sveitarfélaga í lok ágúst. Ráðuneytið vill þó hvetja sveitarfélög þar sem þessi mál koma til umfjöllunar að taka eftirtalin atriði til skoðunar.

- Að koma á skipulegu samstarfi sveitarfélaga um þessi mál meðal annars til að leita sameiginlegra lausna og deila þekkingu þar sem hún getur haft almennt gildi
- Að fara yfir hvort til séu uppfærðar afréttarskrár í sveitarfélaginu sbr. ákvæði 6. gr. fjallskilalaga, til þess að ótvírætt sé hvaða svæði innan þeirra séu afréttir og hægt sé að beita ákvæðum fjallskilalaga sem til þeirra taka
- Að yfirfara og eftir atvikum endurskoða fjallskilasamþykktir með skipulegum hætti, með það að markmiði að nota örugglega þau verkfæri sem eru í fjallskilalögum

Þó lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. séu komin til ára sinna eru reglurnar að mestu leyti skýrar að mati ráðuneytisins og mikilvægt að sveitarfélögin nýti þau verkfæri sem þau hafa samkvæmt lögnum til að skýra réttarástandið, til hagsbóta fyrir landeigendur, bændur og raunar alla íbúa sveitarfélaganna.

Febrúar 2024

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>  
**Sent:** föstudagur, 1. mars 2024 10:52  
**To:** Samband íslenskra sveitarfélaga  
**Subject:** 80 ára afmæli Lýðveldisins - Bréf til sveitarstjórna  
**Attachments:** Kynning á dagskrá í tilefni af 80 ára afmæli Lýðveldisins 2024.pdf


### Lýðveldið Ísland 80 ára

Athygli sveitarstjórna er vakin á því að á árinu fagnar Lýðveldið Ísland áttatíu ára afmæli.

Hátíðahöld í tilefni afmælisins munu ná hámarki 17. júní með hefðbundinni dagskrá í sveitarfélögum en að auki verður sérstök hátíðardagskrá á Þingvöllum þar sem landsmenn eru hvattir til að heimsækja Þjóðgarðinn og skoða sýninguna *Hjarta lands og Þjóðar* helgina 15.-16. júní.

Í meðfylgjandi bréfi óskar afmælisnefnd, sem forsætiráðherra skipaði í október sl., eftir samstarfi við sveitarfélög í tengslum við hátíðardagskrána með miðlun og hvatningu til þátttöku eins og best hentar á hverjum stað.

Með kveðju,



Samband íslenskra sveitarfélaga / Þjónustusvið  
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík  
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903  
[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.



Til sveitarstjórna landsins

Dagsetning  
Málsnúmer

5. febrúar 2024  
FOR23110245

### Kynning á dagskrá í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldisins 2024

Forsætisráðherra skipaði hinn 4. október sl. nefnd um 80 ára afmæli íslenska lýðveldisins sem vinnur að mótun hátíðardagskrár af því tilefni sem birt er á vef forsætisráðuneytisins [www.lydveldi.is](http://www.lydveldi.is) og verður í mótun á afmælisárinu. Í nefndinni eru fulltrúar forsætisráðuneytis, skrifstofu forseta Íslands, menningar- og viðskiptaráðuneytis, Alþingis og Þingvallabjórðgarðar. Þá gerir nefndin tillögur um hvernig minnst megi 1150 ára afmælis Íslandsbyggðar sé miðað við viðtekið ártal.

Af þessu tilefni gefur forsætisráðuneytið út bókina *Fjallkonan. Þú ert móðir vor kær* með þjóðhátíðarljóðum og greinum um fjallkonuna. Bókin verður gjöf til landsmanna og verður dreift um landið. Þar verður birt úrval þjóðhátíðarljóða ásamt greinum um fjallkonuna með þýðingum.

Hátíðahöldin munu ná hámarki 17. júní með hefðbundinni dagskrá, þegar 80 ár eru liðin frá stofnun lýðveldis á Íslandi, með dagskrá og kórasöng um allt land. Í tilefni þjóðhátíðardagsins verður boðið upp á lýðveldisafmælisköku. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum efnir til afmælisdagskrár þar sem landsmenn eru hvattir til að heimsækja Þingvelli þar sem gestum er boðið að skoða sýninguna *Hjarta lands og þjóðar* og helgina 15.–16. júní verður fjölbreytt menningardagskrá á Þingvöllum, í Almannagjá og víðar um þjóðgarðinn. Þann 16. og 17. júní verður hátíð á Hrafnseyri með dagskrá í tilefni lýðveldisafmælisins og 1150 ára afmælis Íslandsbyggðar og verður sjónum beint að landnámsminjum á Hrafnseyri. Þá verður efnt til menningarviðburða um allt land.

Í anda fjallkonunnar, lands og þjóðar, verður leitast við að ná til sem flestra með tveimur viðburðum eða vörðum í dagskrá ársins, annars vegar samsöng kóra landsins undir yfirskriftinni *Sungið með landinu* og hins vegar gönguferðum um náttúru Íslands undir yfirskriftinni *Gengið um þjóðlendur* í öllum fjórðungum landsins:

- Verkefnið *Sungið með landinu* er í undirbúningi í samstarfi við kóra og kórstjóra landsins. Þar verður efnt til söngs kóra landsins þar sem sjónum er beint að þeirri miklu grósku sem einkennir kórustarf þjóðarinnar og þá samkennd sem söngurinn veitir. Nú stendur yfir samkeppni um nýtt kórslag við texta Þórarins Eldjárns, *Ávarp til Fjallkonunnar 2015*. Verkefnisstjóri er Margrét Bóasdóttir, formaður Landssambands blandaðra kóra sem vinnu í samvinnu við samtök kóra og kórstjóra. Velkomið er að óska frekari upplýsinga hjá [margret.boasdottir@gmail.com](mailto:margret.boasdottir@gmail.com).
- Með verkefninu *Gengið um þjóðlendur* er efnt til gönguferða um náttúru landsins í öllu fjórðungum með skipulögðum gönguferðum við sem flestra hæfi. Gengið verður um þjóðlendur og sjónum beint að þeirri þjóðareign sem þjóðlendur landsins eru og fróðleik miðlað þar um. Verkefnið er skipulagt í samstarfi við Ferðafélag Íslands og Útivist.

Með bréfi þessu er óskað eftir samstarfi við sveitarfélög landsins í tengslum við hátíðardagskránnu með miðlun og hvatningu til þátttöku eins og hentar best á hverjum stað. Vonir standa til þess að dagskrá afmælisársins muni höfða til sem flestra og leiða til samveru í gleði, söng og útiveru á 80 ára afmæli lýðveldisins.

Með góðri kveðjur,

f.h. afmælisnefndar

Margrét Hallgrímsdóttir, formaður



Dagsetning **26. febrúar 2024**  
Málsnúmer IRN24020185

## Álit um færslu tryggingafræðilegs endurmats Brúar lífeyrissjóðs í bókum sveitarfélaga

Reikningsskila- og upplýsinganefnd (RogU) tók fyrir á fundum sínum 5. og 26. febrúar 2024 ósk um álit frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga um hvernig færa skuli kröfu frá Brú lífeyrissjóði sem til er komin vegna tryggingafræðilegs endurmats sjóðsins og birt var sveitarfélögum í ársbyrjun 2024.

Árið 2016 ákvað Alþingi að samræma lífeyrisréttindi á opinbera markaðnum við það sem gerist á almenna markaðnum. Í lögunum var ákveðið að áunnin réttindi þeirra sem höfðu náð sextugsaldri við gildistöku laganna eða höfðu hafði töku lífeyris skyldi tryggð og myndi hvorki hækka né lækka upp frá því. Í takt við markmið laganna um að hver kynslóð stæði undir sínum eigin lífeyri kváðu lögin á um að það kæmi í hlut launagreiðenda, ríkis og sveitarfélaga, að standa undir tryggingunni, frekar en annarra sjóðsfélaga. Með hækkandi lífaldri þjóðarinnar og eftir slaka ávöxtun sjóðsins árið 2022 lá fyrir að halli á tryggingafræðilegri stöðu Brúar lífeyrissjóðs væri umfram 10% lögbundin viðmið. Af þessum sökum hefur sjóðurinn hafð innheimtu framlaga frá sveitarfélögum vegna þess hóps lífeyrisþega eða launamanna sem undir regluna falla.

Að áliti nefndarinnar er rétt að færa fjárhæð sbr. ofangreint á breytingu lífeyrisskuldbindinga í rekstrarreikningi með mótfærslu á lífeyrisskuldbindingu í efnahag, þar sem um matsbreytingu er að ræða. Telur nefndin þessa framkvæmd í samræmi við 2. mgr. 13. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Ingibjörg Marta Bjarnadóttir - UST <ingibjorg.m.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>  
**Sent:** mánudagur, 19. febrúar 2024 16:06  
**Cc:** Hákon Ásgeirsson - UST; Þórhildur Kristinsdóttir - UST  
**Subject:** Tillaga að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár

Þú færð ekki oft tölvupóst frá ingibjorg.m.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is. [Kynntu þér hvers vegna þetta gæti verið mikilvægt](#)

Góðan dag

Umhverfisstofnun vill þakka sveitarfélögum Borgarbyggð, Snæfellsbæ, Eyja- og Miklaholtshreppi og landeigendum fyrir þátttöku í kynningarfundum um tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Fundirnir höfðu þann tilgang að upplýsa sveitarfélögin og landeigendur um tillöguna og fá endurgjöf áður en tekin er ákvörðun um hvort svæði haldi áfram í lögbundið kynningarferli tillögunnar.

Ástæða þess að Náttúrufræðistofnun Ísland leggur til svæðið Mýrar-Löngufjörur á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er sú að svæðið hefur hátt verndargildi vegna ríkulegs lífríkis og verðmætis m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni. Svæðið er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og er mikilvægur viðkomustaður margra fuglategunda allt árið um kring. Á svæðinu er einnig fjöldi vatna, tjarna, votlendis, sjávarfitja og leira sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja. Sérstaða svæðisins vegna líffræðilegrar fjölbreytni er ótvíræð.

Umhverfisstofnun hefur nú unnið úr því sem fram kom á ofangreindum fundum með sveitarfélögum og landeigendum. Niðurstaðan er að svæðin Löngufjörur og Langárós að Hjörsey fara ekki í lögbundið kynningarferli fyrir tillögu framkvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár að svo stöddu.

Þessi tölvupóstur er sendur til þeirra aðila sem Umhverfisstofnun hefur fengið netföngin hjá vegna þessa. Það væri vel þegið ef þið hafið tök á að áframsenda þetta á þá landeigendur á svæðunum sem þið þekkið til.

Þetta tilkynnist hér með.

**Bestu kveðjur, Best regards**

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir  
Sérfræðingur, Advisor  
Svið náttúruverndar, Department of Nature Protection



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland  
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland  
Sími / Phone: +354 591 2000  
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)

## Styrkur fyrir nýju þaki á Björgunarmiðstöðina Von í Rifi

Hafrun Ævarsdóttir <hafrun\_1011@hotmail.com>

Wed 2/28/2024 10:16 AM

To: Lilja Ólafardóttir <lilja@snb.is>

You don't often get email from hafrun\_1011@hotmail.com. [Learn why this is important](#)

Góðan daginn

Félagar í húsfélagi Björgunarmiðstöðvarinnar Vonar í Rifi færa Snæfellsbæ hjartans þakkir fyrir veittan stuðning og hlýhug, með styrkveitingu upp á 3.000.000 milljónir króna í þakskiptin sem standa til á húsinu í sumar.

Virðingafyllist

Fyrir hönd eigenda Björgunarmiðstöðvarinnar Vonar:

Björgunarsveitin Lífsbjörg Snæfellsbæ

Slysavarnardeildin Helga Bárðardóttir

Slysaavarnardeildin Sumargjöf

Hafrún Ævarsdóttir ritari í Björgunarsveitinni Lífsbjörg Snæfellsbæ.

1/1

1/1

1/1

1/1

1/1